


Alþingi
Erindi nr. P 140/1791
komudagur 17.4.2012

Fjallabyggð



Atvinnuveganefnd Alþingis

Kirkjustræti
101 Reykjavík

Fjallabyggð, 13. apríl 2012
Nr. erindis 1204033 / SVÁ

Á fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar miðvikudaginn 11. apríl 2012 var neðanrituð yfirlýsing lögð fram og kynnt af forseta bæjarstjórnar. Ekki náðist full samstaða innan bæjarstjórnar um slíka bókun, en ákveðið að hver einstaklingur gæti undirritað yfirlýsinguna og þannig komið sínum skoðunum á framfæri við Alþingi Íslendinga.

657.mál

Við undirritaðir bæjarfulltrúar og bæjarstjóri Fjallabyggðar vorum Alþingi sterklega við því að samþykkja fyrirbyggjandi frumvörp ríkisstjórnarinnar til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld.

Greinargerð óháðra sérfræðinga, sem fylgir frumvörpunum og sem unnin var að beiðni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, ætti að hvetja löggjafann að staldra við og ígrunda gaumgæfilega áhrif lagasetningarinnar á rekstur og afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og á sjávarbyggðir landsins.

Sérfræðingarnir búast við „umhleyplingum á næstu árum meðan útgerðin lagar sig að breyttum aðstæðum“ og segja að áformuð lagasetning muni verða „mjög íþyngjandi fyrir rekstur sjávarútvegsfyrirtækja“. Enn fremur að hækkun veiðigjalds muni án efa „kippa stoðum undan skuldsettari útgerðarfyrirtækjum.“

Þá benda sérfræðingarnir á að byggðaaðgerðir frumvarpsins séu „ólíklegar til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að“, enda skorti enn þann „langtímastöðugleika sem getur skapað grundvöll fyrir uppbyggingu atvinnulífs í sjávarbyggðum“.

Undirritaðir telja að þessi varnaðarorð, sem fylgja frumvörpunum, séu meira en næg ástæða fyrir alþingismenn til að leggja málin til hliðar frekar en að stuðla að því að lögfesta þau og stuðla þannig að „umhleyplingum“ með alvarlegum afleiðingum fyrir fólk og fyrirtæki í sjávarbyggðum landsins, m.a. mögulegri lækkun iauna sjómanna og fiskverkfólks, lækkunar útsvarstekna sveitarfélaga, minni fjárfestingagetu sjávarútvegsfyrirtækja á landsbyggðinni og þar með enn minni atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni en nú er.

Við slíkt verður ekki unað.

Bæjarfulltrúar Fjallabyggðar

Ingvar Erlingsson, sign
Þorbjörn Sigurðsson, sign
S.Guðrún Hauksdóttir, sign
Helga Helgadóttir, sign
Ólafur Helgi Marteinson, sign

Guðmundur Gauti Sveinsson, sign
Sólrún Júlíusdóttir, sign
Egill Rögnvaldsson, sign

Bæjarstjóri Fjallabyggðar

Sigurður Valur Ásbjarnarson, sign